

**601. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,  
mánudaginn 7. nóvember 2022  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Lilja Magnúsdóttir Oddviti (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 601 lögmætan.

Oddviti óskaði eftir heimild til afbrigða við dagskrá þannig að mál með málsnúmer 2210466 verði tekið til afgreiðslu á fundinum. Var það samþykkt samhljóða.

**Dagskrá:**

**1. Fjárhagsáætlun 2022-2025 - 2108058**

Tillaga að viðauka nr. 2 vegna fjárhagsáætlunar 2022.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagðan viðauka nr. 2.*

**2. Leiktæki á skólalóð - 2210501**

Erindi frá yngsta stigi Tálknafjarðarskóla móttækin 31.10.2022 vegna aðstöðu nemenda á skólalóð.

*Sveitarstjórn þakkar nemendum yngsta stigs Tálknafjarðarskóla gagnleg erindi.*

*Samþykkt samhljóða að vísa erindunum til gerðar fjárhagsáætlunar 2023 með það að markmiði að aðstaða nemenda á skólalóð verði bætt sumarið 2023.*

**3. Stafrænt samstarf sveitarfélaga - 2210477**

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 26.10.2022 varðandi varðandi þátttöku og framlög sveitarfélaga til stafræns samstarfs þeirra 2023.

Jafnframt er tilkynnt um skipan nýs stafræns ráðs sveitarfélaga frá október 2022.

*Samþykkt samhljóða að vísa kostnaðarhlut Tálknafjarðarhrepps vegna þátttöku og framlaga til stafræns samstarfs sveitarfélaga 2023 til gerðar fjárhagsáætlunar.*

**4. Deiliskipulagsbreyting Tungusilungur - 2210475**

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Tungusilung, dags. 18.10.2022. Breytingin fjallar um breytta aðkomu að athafnasvæði Tungusilungs, breytt skipulagsmörk og nýja vatnslögn.

Mál frá 4. fundi Skipulagsnefndar sem fór fram 27.10.2022 og 36. fundi atvinnu- og hafnarnefndar sem fór fram 02.11.2022.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að framlögð tillaga að breytingu á deiliskipulagi*

*Tunugsilungs verði auglýst með vísan í 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þó er það skilyrði sett fyrir samþykki vatnslagnar, í samræmi við fyrirbyggjandi teikningu, að fyrir liggja undirritað samkomulag milli sveitarfélagsins og eiganda lagnarinnar um að eigandanum verði skylt að færa lögnina og bera allan kostnað af því komi til framkvæmda á grundvelli deiliskipulags hafnarsvæðis.*

**5. Tendrun jólaljósa - 2210460**

Mál frá 5. fundi íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefndar sem fór fram 01.11.2022 varðandi tendrun jólaljósa á jóltré sveitarfélagsins.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu nefndarinnar að ljós á sameiginlegu jólatré Tálknfirðinga verði tendrað laugardaginn 26. nóvember klukkan 17:00 í samstarfi við Foreldrafélag Tálknafjarðarskóla.*

**6. Breyting á aðal- og deiliskipulagi á Gileyri - 2210466**

Fyrirspurn frá Arnarlaxi dags. 25.10.2022 þar sem óskað er eftir að gerðar verði breytingar á gildandi deiliskipulagi eldisstöðvar á Gileyri og á Aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006-2018 þar sem til stendur að auka framleiðslugetu stöðvarinnar úr 200 tonnum í 1000 tonn á ári sem er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag og Aðalskipulag Tálknafjarðar 2006-2018.

Mál á frá 4. fundi skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 27.10.2022.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu skipulagsnefndar um að farið verði af stað með breytingar á deiliskipulagi eldisstöðvar við Gileyri og í breytingu á Aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006-2018 enda beri málsbeiðandi allan kostnað af þeirri vinnu.*

**7. Skipulagsnefnd - 4 - 2210005F**

Fundargerð 4. fundar skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 27.10.2022.

*Fundargerðin er staðfest.*

7.1 2106247 - Vatnslögn frá Tunguvirkjun inn á Hvítalæk

7.2 2208067 - Fjárhagsáætlun 2023-2026

7.3 2210466 - Breyting á aðal- og deiliskipulagi á Gileyri

7.4 1905085 - Lóð stærð lóðar við Dunhaga

7.5 2210475 - Deiliskipulagsbreyting Tungusilungur

**8. Íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefnd - 5 - 2210006F**

Fundargerð 5. fundar íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 01.11.2022.

*Fundargerðin er staðfest.*

8.1 2210490 - Íþróttahús kynning

8.2 2206069 - Erindisbréf nefnda 2022-2026

8.3 2208107 - Heilsuefling eldra fólks

8.4 2210416 - Tómsfundadagur Vesturbyggðar og Tálknafjarðar.

8.5 2210460 - Jól tendrun jólaljósa

**9. Atvinnu- og hafnarnefnd - 36 - 2210007F**

Fundargerð 36. fundar atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 02.11.2022.

*Fundargerðin er staðfest.*

- 9.1 2208067 - Fjárhagsáætlun 2023-2026
- 9.2 2210475 - Deiliskipulagsbreyting Tungusilungur
- 9.3 2208124 - Hafnarvörður, starfslýsing
- 9.4 2209202 - Tálknafjarðarhöfn - framkvæmdir við rafmagn
- 9.5 2210388 - Styrkir vegna fordæmisgefandi dómsmála
- 9.6 2210499 - Úrvinnsla veiðarfæraúrgangs
- 9.7 2210497 - Vinnustofa Hafið tekur ekki lengur við!
- 9.8 2206081 - Ályktanir Hafnasambandsþings 2022
- 9.9 2208004 - Upplýsingagjöf hafnarstjóra 2022

**10. Fjárhagsáætlun 2023-2026 - 2208067**

Minnisblað vegna gerðar fjárhagsáætlunar.

*Lagt fram.*

**11. Starfsemi Stígamóta 2023 - 2211514**

Erindi frá Stígamótum dags. 31.10.2022 varðandi starfsemi samtakana árið 2023.

*Lagt fram.*

**12. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2022 - 2201021**

*Upplýsingagjöf rædd.*

**13. Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 2202128**

Fundargerð 65. fundar samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 02.11.2022.

*Lagt fram.*

**14. Fundargerð starfshóps um velferðarmál - 2210487**

Fundargerð starfshóps um aukið samstarf í velferðarþjónustu haldinn 26.10.2022. Í fundargerðinni kemur fram tillaga um að KPMG verði fengið til ráðgjafar vegna þessa verkefnis og að kostnaður vegna þess muni skiptast á milli sveitarfélaga á Vestfjörðum á grundvelli íbúatölu.

*Lagt fram.*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Tálknafjarðarhreppur taki þátt í kostnaði vegna ráðgjafa vegna þessa verkefnis að hámarki kr. 215.000,-.*

601. fundur  
10.11.2022

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.  
**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:10.**

---

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

---

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

---

Guðlaugur Jónsson (GJ)

---

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

---

Lilja Magnúsdóttir Oddviti (LM)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)